6. júní 2011

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu
á lögum um stjórn fiskveiða – 826. Mál. – þskj. 1474

Auk athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins mun Landssamband smábátaeigenda fjalla um þau atriði í lögunum sem félagið óskar eftir breytingum á.

1. gr. Strandveiðar

Á síðasta aðalfundi LS var eftirfarandi samþykkt um strandveiðar:

- **Heildarpottur reiknist í þorskígildum**
  Sjávarútvegsráðherra beiti sér fyrir lagfæringu á strandveiðikerfinu þannig að heildarpottur hvers svæðis sé reiknaður í þorskígildum eins og dagsafli hvers báts, að öðrum kosti er ekkert gagn í þorskígildisreglunni þar sem potturinn klárast enn fyrr þar sem hann er reiknaður í kíló fisk.

- **Veiðiheimildir verði dregnar frá stofnstærðarmati**
  LS styður áframhaldandi strandveiðar, enda verði svæðaskipting áfram með sambærilegum hætti og síðustu ár og veiðiheimildir inn í kerfið verði dregnar frá stofnstærðarmati.
  Einnig verði strandveiðibátum heimilt að skrá sig út úr kerfinu um mánaðamót án þess að hafa rétt til þess að hefja aftur strandveiðar á yfirstandandi fiskveiðiári.

Auk þessara ályktana var eftirfarandi samþykkt sem lítur að strandveiðum:

- **Frjálsar handfæraveiðar á ufsa**
  LS leggur til að ufsaveiðar á handfæri verði gefnar frjálsar á tímabilinu 1. apríl – 31. ágúst.

- **Handfæraívilnun**
  Að óskað verði eftir því við sjávarútvegsráðherra að komið verði á handfæraívilnun.

- **Frjálsar handfæraveiðar**
  LS áréttar fyrri samþykktir aðalfunda um frjálsar handfæraveiðar.

LS lýsir sérstakri ánægju með að lögð skuli til sú breyting á lögunum að eigendur verði sjálfir að taka þátt í róðrum. Þó verður að gæta þess að ákvæðið sé það sveigjanlegt að það útiloki ekki nánustu aðstandendur frá róðrum og að sérstakar reglur gildi þegar viðkomandi bátur er í eigu einkahlutafélaga.

LS mótmælir uppskiptingu strandveiðikerfisins.

2.gr. Fjallar um að öll skip sem hafa aflahlutdeild skerðist jafnt vegna aflaheimilda sem fara til strandveiða, línuívilnunar og aðgerða til eflingu byggða.

LS er sammála efni greinarinnar og telur löngu tímabært að gera þær breytingar sem þarna eru lagðar til. LS leggur á það áherslu að greinin verði samþykkt óbreytt.

3.gr. Fjallar um heimild ráðherra að auka aflaheimildir til stuðnings byggðalögum um 8.000 tonn. Aukningin tæki aðeins til næsta fiskveiðiárs. Sveitarfélögum yrði í auknum mæli gefið vald til úthlutunar.

LS mótmælir auknum veiðiheimildum í byggðakvóta, þar sem núverandi úthlutunarkerfi hefur ekki reynst nægilega markvisst og mikil óvissa með það kerfi sem lagt er til í frumvarpinu.

Aðalfundur LS samþykkti eftirfarandi um byggðakvóta:

- **Byggðakvóti**
  LS leggur til að byggðakvóti veri aflagður í núverandi mynd, þess í stað verði hann settur sem ívilnun fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðalögum og landa þar, (Þ.e. byggðalögum sem úthlutað er frá ráðuneytinu eftir þar til gerðum reglum).

Eins og þarna kemur fram er það skoðun LS að byggðakvóti eigi að koma sem ívilnun til dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðalögum og landa þar. Meginkostur við ívilnunarkerfi er að veiðiheimildir fást ekki nema með veiðum. Þá yrði hægt að hafa reglur einfaldar. Allt umsóknarferli yrði aflagt og þar með endalaus kærumál og óánægja með hverjir fá og hverjir ekki úr sögunni. Þarna yrðu reglur einfaldar – sá fær byggðakvóta sem landar afla.
LS er þeirrar skoðunar byggðaívilnun sem hér er lögð til muni leysa sveitarfélög undan vandasömu verki sem hafa leitt til margvíslegra árekstra og erfitt návígi.

4.gr. Fjallar um breytingar á reglum um tegundatilfærslu.
LS telur efni greinarinnar vera til bóta. LS beinir því til htv. nefndar að taka til athugunar að ekki sé hægt að veiða umfram heildaraflamark einstakra tegunda með tegundatilfærslu. LS bendir þar sérstaklega á steinbít.

5.gr. Fjallar um að viðmið til útreiknings á veiðigjaldi verði hækkað um 70%. Miðað við gjaldið í ár færi það úr 6,44 kr/ígildi í 10,98 kr/ígildi.

LS telur ekki tímabært að hækka veiðigjald fyrr en heildarleiðrétting hefur verið gerð varðandi stökkbreytingu lána.
LS vekur athygli á að minnstu útgerðarflokkarnir eru hvað veikastir fyrir hækkun sem hér er lögð til. Vegna þessa er sá varnagli sem fram kemur í b-lið greinarinnar nauðsynlegur að heimilt sé að taka tillit til mismunandi framlegðar einstakra útgerðarflokka.
LS áætlar að miðað við gjaldið í ár, leiði hækkunin til 300 milljóna útgjaldaaukningar fyrir smábátaútgerðina.

6.gr. Fjallar um ráðstöfun tekna af veiðigjaldi

Aðalfundir LS hafa ekki fjallað sérstaklega um ráðstöfun tekna af veiðigjaldi.

7.gr. Ákvæði til bráðabirgða

a. Leigukvóti ráðherra í skötusel og síld.
Stjórn samþykkti eftirfarandi 18. febrúar 2010:

- Stjórn LS leggur til að „skötuselsákvæðið“ í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða verði dregið til baka. Þess í stað teljist skötuselur sem meðafli við grásleppuveiðar ekki til króka- né aflamarks. Ráðherra setji um þetta sérstakar reglur.

Því er við þetta að bæta að samþykkt aðalfundar um leigukvóta að hálfu ríkisins var eftirfarandi:

- **Hörð mótmæli við hugmyndum um leigugjald**
  LS mótmælir harðlega hugmyndum Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra um að auka við aflaheimildir gegn leigugjaldi frá ríkinu. Með þessari aðferðafræði er verið að kasta stríðshanska inn í atvinnugreinina og ein af afleiðingunum verða lakari kjör fjölda sjómanna. Þá hyglir hun þeim sem selt hafa sig út úr fiskveiðunum, en eiga báta sína skuldlausa.
  LS krefst þess að auknum aflaheimildum veri ráðstafað með sama hætti og gert hefur verið til þeirra sem nú stiunda fiskveiðarnar og hafa, bótalaust, þurft að þola gríðarlegar skerðingar í helstu botnfisktegundum á undanförnum árum og misserum,.

Afstaða LS er skýr í þessu máli og engu við það að bæta.

b. Fjallar um keilu og löngu sem meðafla.

LS telur ákvæðið til bóta, en mótmælir því alfarið að skylt verði að landa sem VS-afla. Þá telur LS nauðsynlegt að kveðið verði á með skýrum hætti að umframafli

hafi ekki áhrif á úthlutun aflamarks. Hann komi til viðbótar tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar.

c. Fjallar um að auknar veiðiheimildir á næsta fiskveiðiári til strandveiða (2.400 tonn þorskur og 600 tonn ufsi) og byggðakvóta (þorskur 6.000 tonn, ýsa 1.200 tonn og ufsi 800 tonn) skuli ekki dragast frá með sama hætti og lagt er til í 2. gr. Þar verði núverandi aðferð beitt.

LS mótmælir aðferðafræðinni harðlega og leggur til að frádráttur verði jafnaður á útgerðarflokka eins og boðað hefur verið.

Við umfjöllun sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis leggur LS áherslu á að eftirfarandi ákvæðum verði breytt:

A. Allir dagróðrabátar njóti línuívilnunar. Skref í þessa átt var stigið fyrir réttu ári þegar bátar sem róa með trekt fengu 15% ívilnun. LS skorar á nefndina að ljúka þessu máli með því að fallast á tillögu félagsins til margra ára að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta.

B. Afnema allar takmarkanir á framsali veiðiheimilda. Þess í stað verði sérstöku skattaálagi beitt á nettósölu veiðiheimilda.

C. V. ákvæði til bráðabirgða gildandi laga verði framlengt til 1. september 2012. Um er að ræða frestun á niðurfærslu krókaaflahlutdeildar

D. Að sala báta milli óskyldra aðila komi ekki í veg fyrir útgáfu strandveiði-leyfis 2011.

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri